

# 2018

## ÁRSSKÝRSLA



Vestfjarðastofa



## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Um Vestfjarðastofu	4
Fundir	5
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	8
Rekstur og hagsmunagæsla	10
Sóknaráætlun Vestfjarða	13
Atvinnuþróun	17
Byggðapróun	19
Markaðsstofa Vestfjarða	23

Árið 2018 var fyrsta heila starfsár Vestfjarðastofu sem var formlega stofnuð 1. desember 2017. Vestfjarðastofa er sjálfseignastofnun sem hefur það hlutverk að styðja einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum. Jafnframt er Vestfjarðastofu ætlað að samþætta krafta landshlutans, fylgja eftir hagsmunum umhverfis, samfélags og efnahagslífs byggðanna og stuðla þannig að öflugum og sjálfbærum Vestfjörðum.



Á fyrsta ári starfseminnar hefur mikill tími og orka farið í að móta starfsemi nýrrar einingar og samþætta verkefni þeirra tveggja eininga, skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, sem sameinuð voru undir merkjum Vestfjarðastofu. Vestfjarðastofa annast nú rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og stuðning á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar.

Árið 2018 var baráttuár á Vestfjörðum eins og svo mörg önnur ár. Baráttan nú snýst um þann sjálfsagða rétt Vestfirðinga til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda svæðisins. Það er ekki ný barátta en hún hefur breyst. Vestfirðingum sviður enn hve áhrif kvótakerfisins léku byggðirnar grátt án þess að stjórnvöld gripu til framsýnna mótvægisáðgerða og nýsköpunar til að efla sjávarbyggðirnar. Nú standa Vestfirðingar frammi fyrir stórum tækifærum sem haft geta mikil jákvæð áhrif á samfélögin á svæðinu.

Þau tækifæri felast í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, að rækta hina bláu akra fjarðanna og bjóða gestum að njóta einstakrar fegurðar svæðisins auk þróunar í hefðbundnum sjávarútvegi og hógværrri nýtingu orkuauðlinda svæðisins. Samfélög eiga rétt á að geta með sjálfbærum hætti nýtt auðlindir sínar og slík nýting er forsenda búsetu á svæðinu.

Tækifærin sem felast í uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum eru mikil. Hins vegar þarf að vanda það sem lengi á að standa þannig að áherslur Vestfjarðastofu hafa verið á að styðja við langtímahugsun við uppbyggingu arðbærrar atvinnugreinar. Þar kemur á óvart fálæti hins opinbera sem síður en svo hefur lagst á árarar með Vestfirðingum við þá uppbyggingu. Áherslur í lagasetningu í fiskeldi virðast allar miða að því að hefta vöxt fiskeldis frekar en að mörkuð sé stefna til framtíðar sem tryggir sjálfbæran vöxt atvinnugreinarinnar. Ótrúlega lítill vilji virðist einnig vera á að horfa til þess að læra af nágrönnum okkar Færeyingum og skoða það sem vel er gert þar. Lítil, en hávær hópur fólks sem sett hefur sig upp á móti uppbyggingu

fiskeldis virðist eiga auðveldara með að ná eyrum og athygli ráðamanna en Vestfirðingar.

Fálæti hins opinbera gagnvart Vestfjörðum sést vel í því hve langa og stranga baráttu hefur þurft til að fyrirtæki í fiskeldi fái eðlilega afgreiðslu leyfisumsókna. Fálætið sést einnig berlega þegar kemur að umgjörð greinarinnar, rannsóknnum, leyfismálum og eftirliti sem byggt er upp víða um land en alls ekki á Vestfjörðum.

Það gleymast einnig í þessari umræðu þau gríðarlegu verðmæti sem eru í húfi. Þannig getur markviss uppbygging fiskeldis skapað á Vestfjörðum yfir 1.000 störf og 65 milljarða útflutningstekjur á ári. Uppbygging Vestfjarðavegar 60 mun skila okkur Íslendingum nýjum hringvegi, Hringvegi 2, sem verður nýr valkostur fyrir ferðamenn sem sækja Ísland heim og skapa verulega aukningu á tekjum af ferðaþjónustu á svæðinu. Ný kalkþörungaverksmiðja í Súðavík getur skapað allt að 30 störf og verulegar útflutningstekjur. Vestfirðir eru því sannarlega land tækifæranna á fjölmörgum sviðum - ef rétt er gefið.

Samgöngu-, orku og atvinnumál settu svip á fyrsta starfsár Vestfjarðastofu en byggðamálin í heild sinni eru einnig framarlega á verkefnalistaðnum enda hefur Vestfjarðastofa annast verkefnisstjórn fyrir verkefnið Brothættar byggðir bæði í Árneshreppi og á Þingeyri.

Efst í huga framkvæmdastjóra eftir fyrsta árið er þakklæti til starfsfólksins sem lagt hefur á sig ómælda vinnu þetta árið. Án þeirra væri Vestfjarðastofa ekki til. Stjórn stofnunarinnar ber líka að þakka gott samstarf. Pétur Markan fylgdi Vestfjarðastofu úr hlaði sem fyrsti stjórnarformaðurinn og sló með framsýni og kjark þann tón sem fylgt hefur verið í starfseminni. Á Fjórðungssþingi í byrjun október var ný stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga kjörin og þar með fimm af níu stjórnarmönnum Vestfjarðastofu. Hafdís Gunnarsdóttir varð þá ný stjórnarformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.

*Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*



## Um Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017 á grunni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða.

Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaðróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugum samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.


Fyrsti ársfundur Vestfjarðastofu var haldinn þann 29. júní 2018 í Baldurshaga á Bíldudal.

Stjórn Vestfjarðastofu hélt tíu stjórnarfundum á árinu 2018. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni [www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is) og einnig fundargerðir ársfundar og haustfundar auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

### Upplýsingamiðlun

Fréttum og upplýsingum hefur verið miðlað á vefnum [www.vestfiridir.is](http://www.vestfiridir.is) á árinu 2018. Alls voru 54 fréttir settar inn á síðuna árið 2018. Nýr vefur er í smíðum sem opnaður verður í upphafi árs 2019. Vestfjarðastofa hefur einnig sett upp síðu á Facebook og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfsemi. Í lok ársins 2018 voru 704 fylgjendur komnir á þá síðu og 105 póstar höfðu verið settir í loftið.

### Skipurit Vestfjarðastofu



### Aðilar Vestfjarðastofu

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| ■ Arctic Sea Farm             | ■ Kaupfélag Steingrímsfjarðar |
| ■ Arnarlax                    | ■ Kerecis                     |
| ■ Arna ehf.                   | ■ Marigor                     |
| ■ Árneshreppur                | ■ Orkubú Vestfjarða           |
| ■ Bolungarvíkurkaupstaður     | ■ Reykhólahreppur             |
| ■ Bygðastofnun                | ■ Skaginn 3X                  |
| ■ Fræðslumiðstöð Vestfjarða   | ■ Strandabyggð                |
| ■ Háskólasetur Vestfjarða     | ■ Súðavíkurhreppur            |
| ■ Hótel Ísafjörður            | ■ Tálknafjarðarhreppur        |
| ■ Hraðfrystihúsið Gunnvör     | ■ ThorVerk                    |
| ■ Ísafjarðarbær               | ■ Vesturbyggð                 |
| ■ Íslenska Kalkpörungafélagið | ■ Verkís                      |
| ■ Kaldrananeshreppur          | ■ Vestri ehf.                 |
| ■ Kampi                       |                               |

**Stjórn Vestfjarðastofu**

Fyrsta stjórn Vestfjarðastofu var kjörin á stofnfundi 1. desember 2017.

**Af vettvangi sveitarstjórnarmála:**

Pétur G. Markan	Súðavíkurhreppi – formaður
Sigurður Hreinsson	Ísafjarðarbæ
Margrét Jómundsdóttir	Bolungarvíkurkaupstað
Jón Örn Pálsson	Tálknafjarðarhreppi
Ingibjörg Emilsdóttir	Strandabyggð

**Frá atvinnulífi og menningu:**

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Hótel Ísafirði
Kristján G. Jóakimsson	HG
Víkingur Gunnarsson	Arnarlax
Ágústa Ýr Sveinsdótti	Pörungavinnslan Reykhólum

Ekki urðu breytingar á fulltrúum atvinnulífs og menningar á ársfundi 29. júní 2018 en á Haustþingi Fjórðungssambands varð nokkur breyting á kjörnum fulltrúum af vettvangi sveitarstjórna.

**Stjórn við árslok 2018****Af vettvangi sveitarstjórnarmála:**

Hafdís Gunnarsdóttir	Ísafjarðarbæ – formaður
Sigurður Hreinsson	Ísafjarðarbæ
Ingibjörg Benediktsdóttir	Strandabyggð
Iða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstaður

**Frá atvinnulífi og menningu**

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Hótel Ísafirði
Kristján G. Jóakimsson	HG
Víkingur Gunnarsson	Arnarlax
Ágústa Ýr Sveinsdótti	Pörungavinnslan Reykhólum

**Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu**

Baldur Einarsson	formaður
Viktoría Rán Ólafsdóttir	
Guðrún Eggertsdóttir	

### Starfsfólk Vestfjarðastofu

Í starfsemi á borð við Vestfjarðastofu er starfsfólk lykilatriði og í því óhjákvæmilega umróti sem skapast við sameiningar og upphaf nýrrar stofnunar er það starfsfólkið sem keyrir starfsemina áfram. Við sameiningu Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga og skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga héldu allir starfsmenn áfram störfum. Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri í byrjun árs og kom til starfa í febrúar að hluta en í mars að fullu. Þrír nýir starfsmenn komu til starfa í september. Þórkátla Soffía Ólafsdóttir og Silja Baldvinsdóttir með starfsstöð á Patreksfirði og Agnes Arnardóttir á Þingeyri. Við lok árs 2018 voru starfsmenn 12 í 12 stöðugildum. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi.

Staðsetning vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðasvið	Ísafirði
Agnes Arnardóttir - verkefnastjóri	Þingeyri
Birna Jónasdóttir - verkefnastjóri (í fæðingarorlofi frá miðjum september)	Ísafirði
Díana Jóhannsdóttir - sviðsstjóri atvinnusviðs	Ísafirði
Lína Björg Tryggvadóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri	Ísafirði
María Maack - verkefnastjóri	Hólmavík/Reykhólar
Margrét Jóhanna Birkisdóttir - bókhald	Ísafirði
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir - framkvæmdastjóri	
Silja Baldvinsdóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði
Skúli Gautason - menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hólmavík
Þórkátla Soffía Ólafsdóttir - verkefnastjóri	Patreksfirði



## Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

63. Fjórðungssþing Vestfirðinga var haldið þann 2. maí á Tálknafirði. Auk venjubundinna aðalfundastarfa var fjallað um tillögu millipinganevndar FV um 4. grein samþykktar Fjórðungssambandsins sem fjallar um atkvæðavægi sveitarfélaga. Niðurstaða þingsins var að hvert sveitarfélag hefði 300 atkvæði sem grunnatkvæði og fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Miðað verði við íbúafjölda á áramótum.

Þriðja Haustþing FV var haldið dagana 5.-6. október í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þingið var haldið í skugga alvarlegrar stöðu sem kom upp í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi úr gildi leyfi til fiskeldis í Patreks- og Tálknafirði. Ályktanir þingsins fjölluðu því um fiskeldismál en einnig samgöngumál, sjávarútveg, umhverfis- og fræðslumál.

Á Haustþingi var samþykkt að Vestfjarðastofa annaðist rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt tillögu að verklagi sem lögð var fram á þinginu. Þetta var gert til að skýra nokkra þætti sem hafði ekki verið lokið í samrunaáætlun sem áður hafði verið samþykkt.

### Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungssþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- g. Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Haustþing.

### Hlutverk Vestfjarðastofu:

- a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV.
- b. Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt. Gerðir verði samningar milli FV og Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna.
- c. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.



- d. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
- i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
  - ii. Vinnu við sóknaráætlun landshluta.
  - iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
  - iv. Uppbyggingarsjóður - rekstur og umsýsla.
  - v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
  - vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
  - vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
  - viii. Rekstur fastanefnda.

### **Sóknaráætlun Vestfjarða**

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við ríkið vegna Sóknaráætlunar en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli aðila eins og samþykktir þriðja Haustþings kveða á um.

### **Almenningssamgöngur**

Samningar landshlutasamtaka sveitarfélaga við Vegagerðina frá árinu 2012, um framkvæmd almenningssamgangna í landshlutunum, áttu að renna út í lokársins. Ákveðið var síðan að framlengja gildistíma um eitt ár með viðaukasamningi. Tími yrði nýttur til að fara í heildarendurskoðun almenningssamgangna í landsbyggðunum og leggja til grundvallar nýjum langtímasamningi frá og með árinu 2020. Viðaukasamningur var samþykktur að hálfu landshlutasamtanna, gegn loforði um uppgjör á uppsöfnuðu tapi og ábyrgð gagnvart hugsanlegum taprekstri ársins 2019. Þetta er mikilvægt gagnvart samrekstri FV með SSV og SSNV í NVB ehf. Nokkur hækkun fékkst einnig til reksturs almenningssamgangna á Vestfjörðum í viðaukasamningi FV við Vegagerðina, en það mætir hins vegar ekki framtíðarþörfum sveitarfélaga og atvinnulífs.

Samgönguráðuneytið kynnti í Samráðsgátt í janúar 2019, Ferðumst saman - stefnumörkun fyrir almenningssamgöngur og telja verður að þar sé komin grundvöllur fyrir nýjum samningum ef nægjanlegt fjármagn fylgir. Áhersla FV er á að bætt verði umtalsvert við fjármuni til Vestfjarða og sérstaklega verði veitt fé til þróunar almenningssamgangna innan atvinnusvæða.

Mikil vinna fór á árinu 2018 í að móta starfsemi Vestfjarðastofu. Starfsemin byggir á góðum grunni Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða en samruna fylgja óhjákvæmilega breytingar og í mörgum tilfellum nýtt verklag.

Ákveðið var að formleg skipti milli FV og Vestfjarðastofu yrðu 1. júlí 2018 og frá þeim tíma tók Vestfjarðastofa formlega við launasambandi við starfsmenn og öðrum skuldbindingum sem tengjast rekstrinum.

Vestfjarðastofa hefur tekið á móti gestum og kynnt starfsemina. Meðal gesta voru sendiherrar EU, Færeyja og USA, þingflokkur Samfylkingarinnar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, forstjóri Hafrannsóknarstofnunar, ferðamálastjóri, hópur MBA nema frá Háskóla Íslands og fleiri.

### Landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband Íslenskra sveitarfélaga – samstarf

Aðalsteinn Óskarsson og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir sóttu vorkund Landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var á Hótel Glym í Hvalfirði í byrjun júní. Aðalsteinn Óskarsson sótti Landsþing Sambands sveitarfélaga á Akureyri í lok september og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson sóttu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga um miðjan október. Í tengslum við þann fund voru fundir landshlutasamtaka bæði með fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samstarf við önnur landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga er mikilvæg stoð í starfsemi FV. Samræming og samtal um stefnu og framkvæmd verkefna gagnvart ríki er þar lykilþáttur s.s. Sóknaráætlanir landshluta, almenningsamgöngur, fjármálastefna, greiningarvinna og skipulagsmál. Fjórðungssambandið og Samband íslenskra sveitarfélaga unnu síðan saman að umsögnum varðandi frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, sem átti þátt í að leiða það mál til lykta með samþykkt laganna. Með því lauk hátt í fimm ára vinnu eða allt frá því tillaga þess efnis var sett fram við undirbúning Landsskipulagsstefnu.

Landshlutasamtökin í Norðvestur kjördæmi vinna einnig saman s.s. í samstarfi um rekstur almenningsamgangna í gegnum NVB ehf. Eins var á árinu unnin á þeirra vegum, greinargerð um áhrif veiðigjalda á sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélögin í kjördæminu og hafði það áhrif á niðurstöðu málsins við afgreiðslu þess á Alþingi.

Vestfjarðastofa aðstoðaði Samband Íslenskra sveitarfélaga við undirbúning námskeiðs fyrir nýja sveitarstjórnarmenn sem haldið var á Ísafirði í byrjun september. Námskeiðið var nokkuð vel sótt og að sveitarstjórnarmenn voru um margt fróðari eftir.

### Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Fundur með ráðuneytum.

12. janúar var fundur á Ísafirði með umhverfisráðherra

3. apríl var fundað með ferðamálaráðherra vegna samninga Markaðsstofa landshlutanna.

21. desember var fundur með samgönguráðherra í Reykjavík

### Fundir með nefndum Alþingis:

20.02.2018 Fundur atvinnuveganefnd

19.10.2018 Fundur með fjárlaganefnd

02.11.2018 Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd vegna samgönguáætlunar

08.11.2018 Fundur með atvinnuveganefnd um veiðigjöld.

Í kjördæmavikum Alþingis í febrúar og október voru haldnir fundir með þingmönnum. Fundurinn í febrúar var um veiðigjöld, samgöngumál og fjárveitingar til stofnana og málaflokka. Fundurinn í október fjallaði að meginhluta um þá stöðu sem uppi var í fiskeldismálum, vegna stöðu málsins var talið rétt að bjóða forsvarsmönnum fiskeldisfyrirtækja að kynna sín sjónarmið í upphafi fundar. Mættu forsvarsmenn allra fyrirtækjanna og fóru yfir stöðuna sem uppi var eftir niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem birtur var tæpri viku fyrir þingmannafundinn. Eins var sérstakur fundur um fiskeldismál haldinn með þingmönnum í lok ágúst.

Samgönguráð hélt fund með samgöngunefnd fund á Vestfjörðum í apríl 2018 og var lögð áhersla á stöðu flugmála.

### Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi og mál sem sett eru inn í Samráðsgátt er viðamikill, tímafrekur og mikilvægur þáttur í starfsemi Vestfjarðastofu. Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

- Umsögn um þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku
- Umsögn um þingsályktun um samræmingu verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta
- Umsögn um frumvarp um breytingu á raforkulögum.
- Umsögn um frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða
- Umsögn um þingsályktun um byggðaáætlun 2018-2023
- Umsögn um þingsályktun um ráðgjafastofu innflytjenda
- Umsögn um frumvarp til breytingar lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun
- Umsögn við drög að Kerfisáætlun 2018-2027
- Umsögn FV um þingsályktun um Fjarskiptaáætlun til 5 ára og 15 ára
- Umsögn FV um frumvarp vegna veiðigjalda
- Umsögn FV um samgönguáætlun 2019-2023 og 2019-2033
- Umsögn um frumvarp til laga, breytingar á ýmsum lögum um fiskeldi

### Alþjóðleg samskipti

Sigurður Hreinsson, varaformaður FV fór á fund sveitarstjórnarvettvangs EFTA í byrjun desember. Helstu viðfangsefni vettvangsins á þessum fundum voru áframhaldandi aðkoma sveitarfélaga að samstarfsáætlunum ESB, útganga Breta úr ESB og ný tilskipun ESB sem snýr að "vernd hvíslara". Einnig var fundað með fulltrúum Svæðanefndar Evrópusambandsins.

### Samstarf við sveitarfélög

Fyrsta starfsár Vestfjarðastofu litaðist af kosningum til sveitarstjórna sem haldnar voru í lok maí 2018. Í aðdraganda kosninga héldu starfsmenn Vestfjarðastofu kynningar fyrir frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga í öllum sveitarfélögum þar sem boðnir voru fram listar nema í Súðavík, þar sem ekki vannst tími til funda eftir að listar voru kynntir.

Á haustdögum bauð Vestfjarðastofa til súpufunda til að kynna starfsemi Vestfjarðastofu fyrir nýjum sveitarstjórnarmönnum á öllum þremur svæðum Vestfjarða. Fundur fyrir sveitarstjórnarmenn á norðursvæði Vestfjarða var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 13. september, fyrir Strandir og Reykhóla í Sævangi mánudaginn 17. september og fyrir suðursvæði Vestfjarða í Skrimslasetrinu á Bildudal mánudaginn 24. september.

Haustið fór í að kynna nýjum sveitarstjórnarmönnum, bæjar- og sveitarstjórum.

### Starfsmannamál

Starfsemi Vestfjarðastofu er í stöðugri þróun og á árinu 2018 var verið að móta fyrstu skref nýrrar stofnunar. Starfsfólk fundar vikulega kl. 9:00 á mánudagsmorgnum. Farið yfir það sem er á döfinni og verkefni næstu viku. Þar sem starfsmenn eru dreifðir um allt svæðið er notaður fjarfundabúnaður á þessum fundum.

Í febrúar hittust allir starfsmenn og héldu starfsdag, í byrjun júní var starfsmannadagur þar sem tækifæri var nýtt til að taka ljósmyndir af starfsmönnum sem nýttar eru á nýjan vef. Í byrjun desember var annar sameiginlegur starfsdagur. Sigurður Steingrímsson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands hélt námskeið fyrir starfsmenn um verklag við ráðgjöf og leiðbeiningarsamtöl við frumkvöðla.

Nokkuð mikil vinna var í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar og bókhald ársins auk vinnu við frágang Atvinnuþróunarfélagsins. Vestfjarðastofa nýtir grunn verkþókhalds FV og bætir við það verknúmerum í tengslum við atvinnuþróun og fleira sem tilheyrir starfsemi.

### **Vefur og samfélagsmiðlar**

Vinna hófst við nýja vefsíðu Vestfjarðastofu og verður hún opnuð í upphafi árs 2019. Vestfjarðastofa er með síðu á Facebook og var hún með ríflega 700 fylgjendur í lok árs 2018. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. umhverfivottunar og ferðaþjónustuverkefnum.



## Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Úthlutun Uppbyggingarsjóðs vegna ársins 2018 var í lok árs 2017. Eftirfarandi hlutu stuðning:

### Stofn og rekstrarstyrkir:

- 4.000.000 - Rekstur Edinborgarhússins, Edinborgarhúsið ehf (til tveggja ára)
- 3.500.000 - Galdrasýning á Ströndum, Strandagaldur ses
- 1.500.000 - Kómedíuleikhúsið, Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag
- 1.500.000 - Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum  
Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf

### Verkefnisstyrkir:

- 2.500.000 - Aldrei fór ég suður, Kristján Freyr Halldórsson
- 2.000.000 - Hrognkelsi - Lífræna lúsaætan (LÚSINFER), Albert K. Dagbjartarson Imsland
- 2.000.000 - Act alone leiklistarhátíð 2018 Act alone, félagasamtök
- 1.500.000 - Menningarviðburðir í Edinborgarhúsinu, Menningarmiðstöðin Edinborg
- 1.500.000 - Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmynda, Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg (til tveggja ára)
- 1.300.000 - Fullvinnsla á eldislaxi, Fiskvinnslan Íslandssaga hf
- 1.300.000 - Náttúrubarnaskólinn - nýsköpun 2018, Sauðfjársetur á Ströndum ses
- 1.300.000 - Dropi - þróun nýrra afurða, True Westfjords ehf
- 1.300.000 - Menningardagskrá Hússins 2018, Sköpunarhúsið 72 ehf
- 1.300.000 - Hafrún, Fiskvinnsla Flateyrar ehf
- 1.200.000 - Sea minerals cosmetics-rannsókn og þróun, Valdimar Smári Gunnarsson
- 1.000.000 - Hrafseyri frá landnámi til fullveldis, Náttúrustofa Vestfjarða
- 1.000.000 - Nýting á krækling af fiskeldiskvíum, Magnús Þór Bjarnason

- 1.000.000 - Dokkan brugghús (handverksbrugghús), Dokkan brugghús ehf  
 1.000.000 - TVCA: Thingeyri Value Creation Autonomy, Simbahöllin ehf  
 1.000.000 - Stapar Ljóðlistaverk, Mynda og sögusafnið, félag áhugafólks um menningu og sögu  
 800.000 - Startup Westfjords: Nýsköpunarhraðall, Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses  
 800.000 - Heimildamynd um Samúel í Selárdal, Félag um listasafn Samúels  
 750.000 - Margmiðlunarborð uppfært, Valdimar Smári Gunnarsson  
 600.000 - Ísafjarðarappið, Haukur Sigurðsson  
 600.000 - Víkingaviðburðir og námskeið Gíslastöðum, Marsibil G Kristjánsdóttir  
 600.000 - Framleiðsla á rækjumjöli til manneldis, Kampi ehf  
 600.000 - Blús milli fjalls og fjöru, Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök  
 600.000 - Ég var aldrei barn, seinni hluti, Byggðasafn Vestfjarða  
 600.000 - ArtsIceland og Gallerí Úthverfa, Kol og salt ehf  
 600.000 - Gamanmyndahátíð Flateyrar 2018, Eypór Jóvinsson  
 400.000 - Strandir 1918, Sauðfjársetur á Ströndum ses  
 400.000 - Tungumálatöfrar, Menningarmiðstöðin Edinborg  
 400.000 - Strandir í verki: Story of Strandir, Esther Ösp Valdimarsdóttir  
 400.000 - Einars leikur Guðfinnssonar, Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag  
 400.000 - Sjónarhorn: Menningaarfur í myndum, Jón Jónsson  
 400.000 - Harðfiskur - úr firði á filmu, Breiðadalsfélagið ehf  
 400.000 - Tálknaféð / Feral Attraction, Minjasafn Egils Ólafssonar  
 400.000 - Sögusýning Súðavíkur, Elín B. Guðbjargard Gylfadóttir  
 400.000 - Krummaskuð, Linda Dröfn Gunnarsdóttir  
 400.000 - Tónverk fyrir Hrafnseyri á aldarafmælinu, Hrafnseyrarnefnd  
 400.000 - Náttúrugripasafnið á nýjum tug, Náttúrugripasafn Bolungarvíkur  
 400.000 - Hljóðfærasafn Jóns á Þingeyri, Jón Sigurðsson  
 400.000 - Gæða og innviðapróun í Ósvör, Sjóminjasafnið Ósvör  
 400.000 - Sýningaruppsetning á þangi og þara, Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum  
 400.000 - Ronja ræningjadóttir, Íþróttafélagið Höfrungur  
 400.000 - Gilsfjörður Arts, Bergsveinn G Reynisson  
 400.000 - Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar, Tónlistarfélag Ísafjarðar  
 400.000 - Námskeiðaröð í Hveravík á Ströndum, Rúna ehf  
 400.000 - Málþing um fornmenningu Stranda, Bergsveinn Birgisson  
 400.000 - Staðir, Eva Ísleifsdóttir  
 400.000 - Leikrit í fullri lengd, Ingibjörg Emilsdóttir  
 400.000 - SVS strandveiðistangir, Tækniþjónusta bifreiða ehf  
 400.000 - Tímataka, Birgir Þór Halldórsson  
 400.000 - „The Weird Girls Project“ fer vestur, Cathy Louise Lapka  
 400.000 - Viðburðir norðan Djúps, Sögumiðlun ehf  
 400.000 - 25 ára afmæli LRÓ, Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar  
 400.000 - Vestfirðir milli vita, Finnbogi Hermannsson  
 400.000 - Babelsturninn, Gunnar Smári Jóhannesson  
 250.000 - The Factory, Emilie Moerkeberg Dalum  
 100.000 - Listasmiðja í Birkimel, Nanna Sjöfn Pétursdóttir

## Áhersluverkefni ársins 2018

### Visit Westfjords – 5.800.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Sett var upp áhersluverkefni í markaðssetningu ferðapjónustu til þriggja ára. Í stað þess að setja upp sérstakt verkefni í kringum sóknaráætlun var stillt upp verkefni sem eflir rekstur Markaðsstofu Vestfjarða. Áfram var lögð áhersla á móttöku blaðamanna, uppbyggingu heimasíðunnar, samfélagmiðla og þátttöku á sýningum. En jafnframt var með auknu fjármagni hægt að setja upp kynningaferðir fyrir ferðaskrifstofur en töluverð eftirspurn hefur verið eftir slíkum ferðum en ekki hefur verið hægt að sinna þeim vegna takmarkaðs fjármagns.

### InWest – 616.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Verkefnið var nýtt til að undirbúa gerð innviðagreiningar sem notaður var sem grunnur fyrir kynningu Vestfjarða sem fjárfestingarkosts.

### Umhverfisvottun Vestfjarða – 2.200.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Verkefnið gengur út á að viðhalda vottun sem sveitarfélögin hafa fengið og ýta undir verkefni sem lúta að umhverfisvitund íbúa, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Verkefni ársins 2018 voru funduferðir verkefnastjóra og ráðgjafa, rætt var við öll sveitarfélögin á Vestfjörðum og unnið við að finna lausnir til að bæta umhverfsvæna nýtingu og notkun umhverfsvænna vara. Sett var upp í öllum sveitarfélögunum verkefnið Græn skref og farið í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja til að kynna áherslur. Heimasíða og samfélagsmiðlar voru uppfærðir ásamt því að afla þeirra gagna sem þarf til að fá vottun og skýrslur sem þarf að skila skrifaðar.

### Lýðháskólinn á Flateyri – 3.000.000

#### Umsjón og framkvæmd: Lýðháskólinn á Flateyri

Stofnun skólans hrundið að stað og Lýðháskólinn tók til starfa á Flateyri haustið 2018.

### Dróunarsetrin á Vestfjörðum – 3.550.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Þrjú próunarsetur eru starfandi á Vestfjörðum. Verkefnið 2018 gekk út að efla próunarsetrin með markaðssetningu og samræmingu á milli þeirra. Liðka þarf fyrir því að frumkvöðlar, sprotafyrirtæki, rannsóknarnemar, stofnanir geti nýtt sér setrin til þess að koma verkefnum af stað sem geta haft langvarandi áhrif fyrir svæðis. Jafnframt þarf að markaðssetja setrin gagnvart stofnunum sem gætu verið með starfsstöðvar sínar án tillits til staðsetninga

### Svæðisskipulag Vestfjarða – 2.500.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Umbylting er að verða í samgöngu, fjarskipta og væntanlega í flutningsmálum raforku á Vestfjörðum. Nýjar atvinnugreinar, fiskeldi, ferðapjónusta vaxa nú hratt auk væntanlegrar uppbyggingar vatnsorkuvera. Umhverfisvottun hefur einnig verið staðfest fyrir svæðið. Á þessum forsendum má spá um fjölgun íbúa a.m.k. 2500 manns fram til ársins 2030.

Verkefnið gengur út á að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði 2019-2031. Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd. Leggja þarf tillöguna að nýju eftirsveitarstjórnarkosningar til að fá endurnýjaða heimild nýrra sveitarstjórna fyrir verkefniinu. Flest sveitarfélög á Vestfjörðum eru einnig að vinna að endurnýjun aðalskipulags, á næstu tveim til fjórum árum.

### Dróun Vestfjarða til ársins 2035 – Sviðsmyndir – 4.000.000

#### Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Unnið að sviðsmyndagreiningu þar sem dregnir eru fram drifkraftar breytinga í umhverfinu og sviðsmyndum stillt upp. Sviðsmyndavinna verði unnin með fyrirtækjum og sveitarfélögum.

### Rannsóknarumhverfi Vestfjarða – uppbygging aðstöðu – 1.000.000

*Umsjón og framkvæmd: Rannsóknarklasi Vestfjarða / Rannsóknarsetur HÍ*

Ávinningur Vestfjarða af sterku rannsóknarumhverfi er margvíslegur en mikilvægir hagsmunir eru ennþá vannýttir. Náttúrulegt- og samfélagslegt umhverfi Vestfjarða laðar að vísindamenn og rannsóknanemendur utan svæðis en aðstaða til að taka á móti svona hópum er ekki nægjanleg. Fyrir verkefni á sviði náttúruvísinda sérstaklega er sérhæfð rannsóknastaða og búnaður ekki er til staðar sem þegar hindrar uppbyggingu á þessu sviði. Það þarf að greina núverandi veikleika og framtíðarmöguleika. Verkefnið er afurð rannsóknarklasa Vestfjarða sem styrktur var árið 2017.

### Ný námsleið við Háskólasetur Vestfjarða, Sjávarbyggðafraeði – 5.000.000

*Umsjón og framkvæmd: Háskólasetur Vestfjarða*

Verkefnið er að stofna nýja námsleið á meistarastigi hjá Háskólasetri Vestfjarða, heiti/viðfangsefni: Sjávarbyggðafraeði. Námsleiðin er að öllu leyti hugsuð hliðstæð við núverandi námsleið í Strandsvæðastjórnun, til að nýta samlegð. Verkefnið var stutt til þriggja ára 2017,2018 og 2019.

### Vestfirsku þorpin – íbúabyggð og áfangastaðir – 2.500.000

*Umsjón og framkvæmd: Rannsóknarsetur HÍ á Hólmavík*

Mikil þörf er á hugmyndavinnu fyrir smærri þorpin á Vestfjörðum, hvernig megi styrkja stöðu þeirra. Ein leiðin er að vinna hugmynda- og þróunarvinnu um almannarými í þorpunum, hvernig megi gera úrbætur utanhúss sem hafa jákvæð áhrif á bæjarbrag og heimafólk og ferðamenn geta nýtt og notið við daglega iðju, tómstundir og útivist. Slík vinna er nú í gangi á Hólmavík og væri áhugavert að skoða fleiri þorp.

Gera þarf skrifborðsrannsókn þar sem dregnar væru saman niðurstöður verkefna sem unnin hafa verið í tengslum við bæjarbrag, eflingu byggðar o.fl. á Vestfjörðum síðustu ár.

Tengja þarf þau gögn og upplýsingar saman og draga fram heildarmynd með aðstoð fagmanna t.d. arkitekta og hönnuða.

### Almannatengsl fyrir Vestfirði – 3.500.000

*Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa*

Verkefnið er að hluta til framhald af verkefni frá árinu 2017 „Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum“ og miðar að því að auka slagkraft og samhæfa aðgerðir til kynningar á Vestfjörðum innanlands – einkum varðandi búsetu, atvinnumöguleika og fjárfestingakosti.

Ráðgjöf miðar að því að aðstoða sveitarfélög og fyrirtæki til dæmis við að móta “sögurnar”, gerð efnis fyrir vef og samfélagsmiðla.

Ráðgjafi aðstoðar sveitarfélög og fyrirtæki við gerð stefnu í kynningarmálum, mótar með sömu aðilum viðbragðsáætlanir og aðgerðir.

### Westfjords Food – 1.000.000

*Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa*

Mótað verði sameiginlegt verkefni matvælaframleiðenda á Vestfjörðum að fyrirmynd Rörosmat (www.rorosmat.no) þar sem skapaður er vettvangur fyrir framleiðendur matvæla að kynna sig og um leið kynna einkenni Vestfjarða og framleiðsluvörur. Horft væri til vinnu við Visit Westfjords við greiningarvinnu og þróun verkefnisins.





## Atvinnuþróun

### Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki

Nokkuð er um að einstaklingar og fyrirtæki leiti með ýmis mál til Vestfjarðastofu. Verkefnastjórar hafa veitt stuðning, viðtöl og aðstoðað við gerð viðskiptaáætlana, leiðbeint við leyfismál ýmiskonar og veitt upplýsingar um hvert best er að leita með ýmis mál.

### Fiskeldismál

Fiskeldismál voru ofarlega á baugi í starfsemi Vestfjarðastofu árið 2019. Áhersla var lögð á bæði hagsmunagæslu í tengslum við frumvörp sem til umfjöllunar hafa verið á Alþingi en ekki síður á almannatengsl og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála sóttu ráðstefnuna Strandbúnað í lok mars.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar beggja sviða undirbjuggu og tóku þátt í fundi með þingmönnum NV kjördæmis í lok ágúst þar sem til umræðu voru málefni fiskeldis í Ísafjarðardjúpi.

Þau mál hafa síðan fallið í skuggann af hinu stóra áfalli sem úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í lok september þegar felld voru úr gildi starfs- og rekstrarleyfi fiskeldis í Tálknafirði og Patreksfirði.

### Færeysk fyrirtækjasýning

Vestfjarðastofa aðstoðaði við skipulagningu Færeyskrar fyrirtækjasýningar. Færeyski utanríkisráðherrann bauð sveitarstjórnarmönnum til spjalls um uppbyggingu fiskeldis í Færeyjum sem um 15 sveitarstjórnarmenn þáðu.

### Paraklaustur á Reykhólum

Stutt var við stofnun vinnslu og þróunarstöðvar úr þangi og þara á Reykhólum. Nefnist fyrirtækið Þörungaklaustur ehf. og þegar fram í sækir er stefnt að því að mynda regnhlífarþjónustu sem starfar með efnilegum fyrirtækjum sem vinna að frekari virðisauka sjávargróðurs.

### Sorporkustöð á Vestfjörðum

Vestfjarðastofa hefur að beiðni sveitarfélaganna við Djúp skoðað hugmyndir um Sorporkustöð á Vestfjörðum. Í samvinnu við sveitarfélögin var Stefán Gíslason hjá Environice fenginn til að koma og spjalla við stjórnendur sveitarfélaganna um kosti og galla slíkra stöðva. Þetta verkefni er enn í skoðun en í raun er sú niðurstaða þó komin að þetta er í raun stærra verkefni en svo að það varði aðeins sveitarfélög á Vestfjörðum. Forsenda þess að slíkt verkefni gangi upp er að sveitarfélögin

á höfuðborgarsvæðinu komi að slíkri uppbyggingu auk annarra svæða á landinu. Næstu skref í verkefninu er samtal við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að kanna þeirra áhuga á að skoða málið.

### **Innviðagreining fyrir Vestfirði**

Undirbúningur fyrir gerð innviðagreiningar fyrir Vestfirði hófst á árinu 2018 og stefnt er að verklokum haustið 2019. Markmið verkefnisins er að hægt sé að gera grein fyrir stöðu helstu innviða svæðisins og allra sveitarfélaga á vef Vestfjarðastofu á íslensku og ensku og einnig að sveitarfélögin geti nýtt þann grunn fyrir ítarlegri greiningu innviða sinna og framtíðarsýnar við uppbyggingu þeirra. Vesturbyggð er með slíka vinnu í gangi.

### **Samvinna við atvinnulíf og sveitarfélög**

Töluvert hefur verið unni að eflingu þróunarsetrana og heldur það verkefni áfram með enn meiri krafti þar sem stuðningur fékkst úr C1 verkefnasjóðnum til að fara í enn frekari vinnu til að fara í greiningarvinnu og kortlagningu með það að markmiði að fjölga og bæta starfsemi þekkingarsetra. Styrkur fékkst fyrir árið 2018 í lok ársins og verkefnið verður unnið á árinu 2019.

Unnið hefur verið með Bolungarvíkurkaupstað að frumkvöðlasetri í Bolungarvík með áherslu á nýsköpun á sviði matvælaframleiðslu. Fundað hefur verið tvisvar með samtökum atvinnurekenda, farið í fyrirtækjaheimsóknir um allt svæðið. Gerð heildarsýnar og aðgerðaáætlunar heldur áfram á árinu 2019.

Málefnaþópar eru í undirbúningi en hægt hefur gengið að fá svör frá sveitarfélögum varðandi þeirra þátttöku í málefnaþópi ferðaþjónustu. Mikil vinna og samstarf er við fiskeldisfyrirtækin og auknið samstarf við sjávarútvegsfyrirtækin. Málefnaþópur í orkumálum má segja að sé í gangi.

### **Matarverkefni (Westfjords Food)**

Áherslur verkefnisins breyttust nokkuð á árinu með fundum með matvælaframleiðendum. Meiri áhersla verður lögð á samstarf við bændur og þekkingaruppbyggingu fyrir smáframleiðendur. Sett var upp teymi verkefnisstjóra hjá Vestfjarðastofu og komið á samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Drög að verkefnisáætlun fyrir árið 2019 liggja fyrir en gerð þriggja ára áætlunar færast yfir á 2019.

### **Fyrirtækjakönnun**

Vestfjarðastofa tók á árinu þátt í fyrirtækjakönnun sem unnin er af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir alla landshluta utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa frá árinu 2013 gert fyrirtækjakönnun á hverju ári til að kanna viðhorf atvinnulífsins til ýmissa mikilvægra mála og fylgst með þróun viðhorfanna frá einum tíma til annars. Slík könnun er mikilvægt innlegg í byggðapróun svæða og gögn úr slíkum könnunum geta nýst til frekar rannsókna.

Megmarkmið könnunarinnar er að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja í landshlutanum þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja. Könnunin sem nú var lögð fyrir er sú fyrsta af fjórum þar sem spurt verður um mismunandi þætti yfir fjögurra ára tímabil.

Vestfjarðastofa bauð öllum virkum vestfirskum fyrirtækjum að vera með í fyrirtækjakönnuninni og niðurstöður berast á vordögum 2019.

### **Samstarf atvinnuþróunarfélaga**

Atvinnuþróunarfélögin eru átta talsins og er fundað sameiginlega tvisvar á ári; á vofundi sem haldinn er árlega í tengslum við ársfund Byggðastofnunar og haustfundi sem að þessu sinni var haldinn af Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra (SSNV) í byrjun nóvember.

Atvinnuþróunarfélögin/landshlutasamtökin fóru í ferð til Kanada í maí 2018 til að kynna sér stuðningsumhverfi atvinnuþróunar á nokkrum stöðum. Tveir fulltrúar Vestfjarðastofu fóru í ferðina.



## Byggðapróun

### Umhverfissvottun

Í síðustu kosningum urðu miklar mannabreytingar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum og þurfti því að endurnýja umboð lykilmanns í umhverfissvottun sveitarfélaganna.

Á haustþingi samþykktu sveitarfélögin að halda ferlinu áfram og kom berlega fram á Haustþingi 2018 að mikill áhugi er á að halda áfram að vinna að framförum í umhverfislegu tilliti. Starfsmenn Vestfirðastofu hafa umsjón með verkefninu og annast öflun gagna, kynningu á verkefninu. Árið 2018 samþykktu öll sveitarfélög á Vestfirðum að fara í verkefnið Græn skref, en verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi sveitarfélaganna ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif með kerfisbundnum hætti. Um 26 stofnanir hafa skráð sig og hafa sum hver komist á skref tvö í verkefninu.

Verkefnastjórar tóku þátt í námskeiði sem haldið var í Hollandi í nóvember 2018 og eru þar með fullgildir ábyrgðarmenn samkvæmt staðli EarthCheck. Í lok árs fékkst silfurvottun fyrir árið 2018 sem er viðurkenning fyrir fimm ára samfelldar framfarir í umhverfismálum á Vestfirðum.

### Skipulag haf- og strandsvæða

Árið 2018 voru samþykkt lög um skipulag haf- og strandsvæða og í bráðabirgðaákvæði þeirra laga er mælt fyrir um að hafin skuli vinna að skipulagi strandsvæða Vestfirðanna og Austfirðanna. Skipuð eru svæðisráð sem móta stefnu skipulagsins á hverju svæði. Á Vestfirðum skipaði umhverfisráðherra þrjú fulltrúa samkvæmt tillögu sveitarfélaga á Vestfirðum í svæðisráðið, Guðfinna Hreiðarsdóttir var skipuð fyrir norðanverða Vestfirði, Lilja Magnúsdóttir fyrir sunnanverða Vestfirði og Þorgeir Pálsson fyrir Strandir. Auk þeirra tilnefndi Samband Íslenskra sveitarfélaga Aðalstein Óskarsson í ráðið og féllst ráðherra á þá skipan.

### Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Bygðastofnun. Í lok árs 2017 var haldinn íbúafundur þar sem sett voru fram markmið í fjórum flokkum, fyrstu skref ákveðin og ábyrgðaraðilar skilgreindir.

Deilur um Hvalárvirkjun urðu háværar, einkum í kringum sveitarstjórnarkosningar vorið 2018, enda litu margir svo á að þar væri einkum verið að kjósa um hvort veita ætti leyfi til virkjanaframkvæmda eður ei. Þessar deilur urðu býsna hatrammar og voru um hríð fyrsta frétt í hverjum fréttatíma.

Segja má að þessar deilur hafi gert það að verkum að ekki var vinnufriður til að vinna að þeim margvíslegu og góðu málum sem sett voru fram í markmiðasetningunni. Það var í raun ekki fyrr en

hausta tók að versluninni í Árneshreppi var lokað og rekstraraðilar fluttust í burtu sem skapaðist nokkur ró og sát til að halda vinnunni áfram.

Í nóvember 2018 var haldinn annar íbúafundur þar sem farið var yfir framvindu mála og skerpt á markmiðasetningu. Sá fundur var mjög gagnlegur og ríkti bjartsýni.

Sótt var um styrk til að endurreisa verslunina og hefur nú verið stofnað Verzlunarfjelag Árneshrepps ehf, en hluthafar eru 138, margir hverjir brottfluttir íbúar. Stefnt er að því að opna verslunina nú í byrjun júní.

Verkefnið Áfram Árneshreppur veitti átta styrki á árinu 2018 og hafa sex þeirra komist til framkvæmda. Heildarupphæð styrkja var 7 milljónir króna.

#### Dessi verkefni voru styrkt og hafa komið til framkvæmda:

- Verslun, styrkur til tækjakaupa
- Í nýju ljósi, lýsing á minjasýningu í Djúpavík
- Skóli, námskeiðahald í Finnbogastaðaskóla
- Super Jeep Tours, jeppaferðþjónusta
- Þjóðmenningarskóli í Árneshreppi
- Afþreyingartengd ferðþjónusta í Djúpavík

#### Dessi verkefni fengu úthlutað styrk en hafa ekki komið til framkvæmda í ÁÁH 2018:

- Skútulægi í Norðurfirði
- Kjöttvinnsla í Norðurfirði

Stefnt er að styrkúthlutun fyrir árið 2019 fyrir lok maí.

#### Brothættar byggðir á Þingeyri – Öll vötn til Dýrafjarðar

Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar fór af stað í mars 2018 með fjölmönnum íbúafundi sem stýrt var af Sigurborgu Hannesdóttur. Unnið var úr niðurstöðum fundarins, stillt upp framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun á grunni þeirra niðurstaðna.

Vestfjarðastofa annast verkefnastjórn og var Agnes Arnardóttir ráðin verkefnastjóri með starfstöð í Blábankanum á Þingeyri. Agnes kom til starfa 1. september 2018. Verkefnastjóri sat nærri 40 fundi með íbúum, frumkvöðlum, verkefnastjórn, fulltrúum Ísafjarðarbæjar og fleiri í tengslum við verkefnið frá september til desember 2019. Að auki tók verkefnastjóri þátt í japanskri helgi á Þingeyri, tók þátt í verkefninu Interface á vegum Byggðastofnunar, fór í heimsóknir í fyrirtæki á Þingeyri, hitti íbúa með formlegum en mest óformlegum hætti, auglýsti styrki og annaðist úthlutun þeirra. Úthlutun styrkja vegna ársins 2018 var þó ekki fyrr en á árinu 2019, en listi er þó birtur hér fyrir neðan:

Nafn umsækjanda	Nafn verkefnis	Styrkupphæð
Blábankinn	Uppfærsla Þingeyrarvefsins	180.000 ISK
Pálmar Kristmundsson	Listaakademían á Þingeyri	500.000 ISK
Pálmar Kristmundsson	The Tank	1.000.000 ISK
Blábankinn	Stafrænir flakkarar og störf án staðsetningar	1.000.000 ISK
Borgný Gunnarsdóttir	Námskeið og fyrirlestrar Víkingaskóla Skálans	570.000 ISK
Sébastien Biet	Bicycle week	90.000 ISK
Austan Mána ehf.	Sköpunarsveimur	400.000 ISK
Golfklúbburinn Gláma	Aðstaða	980.000 ISK
Pálmar Kristmundsson	Hjólreiðakeppnin Ísafjörður-Þingeyri	100.000 ISK

Nafn umsækjanda	Nafn verkefnis	Styrkupp hæð
Wouter Van Hoeymissen	Invite one family per year 2019-2020	500.000 ISK
Wouter Van Hoeymissen	Wall Paintings in Þingeyri	300.000 ISK
Jón Sigurðsson	Hljóðfærasafn	500.000 ISK
Sébastien Biet	Graphic design courses	80.000 ISK
Kristín Þórunn Helgadóttir	Handverkssýning / Opin vinnustofa	200.000 ISK
Marsibil G. Kristjánsdóttir	Gíslasaga víkingaviðburðir og námskeið	400.000 ISK
Wouter Van Hoeymissen	Invite Yasuaki Tanago to Þingeyri 2019	200.000 ISK
		<b>7.000.000 ISK</b>

Vert er að geta þess að aldrei hafa borist eins margar umsóknir á landsvísu í tengslum við úthlutun í brothættum byggðum frá upphafi. Alls bárust 29 umsóknir með heildarumfang verkefna um 120 milljónir. Sótt var um rúmlega 30 milljónir úr 7 milljóna potti.

### Orkutengd verkefni

#### Hitaveita á Hólmavík

Vinna er í gangi við undirbúning hitaveitu á Hólmavík og það verkefni nú í höndum sveitarstjórnar Strandabyggðar. ÍSOR gerði álagsprófun á holum í Hveravík haustið 2018.

#### Úttekt Átaks um línulagnir

Markmið verkefnis er að ýta á að Vestfirðingar fái að sitja við sama borð og aðrir landsmenn í orkuafhendingu. Settar voru fram nokkrar hugmyndir um legu flutningslína um Vestfirði. Landsnet tók tillit til þeirra í skýrslu sem sýnir hvaða kerfisbreytingar auka mest afhendingaröryggi á mismunandi svæðum Vestfjarða. Sú skýrsla tekur einnig tillit til áhrifa Hvalárvirkjunar á framboð orku á svæðinu.

#### Vestfirðir 2035 - Sviðsmyndir

Verkefnið „Vestfirðir 2035“ er í fullum gangi. Tekin voru viðtöl við 16 manns, sendur út spurningalisti sem yfir 200 manns svöruðu, haldinn drifkraftafundur í september og á Haustþingi var sviðsmyndaverkstæði, eftirminnilega spennuþrungnið vegna mikillar óvissu í málefnum fiskeldis í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála um ógildingu leyfa til laxeldis í Patreks- og Tálknafirði. Verkefnið er unnið með Framtíðarsetri Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og KPMG.

#### Íbúakönnun

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2004 gert íbúakönnun á þriggja ára fresti til að kanna viðhorf íbúa landshlutans til ýmissa mikilvægra mála og hvort sú afstaða taki breytingum frá einu ári til annars. Eftir allnokkuð þróunarferli var ákveðið að bjóða öðrum landshlutum að vera með. Það þáðu Suðurland, Reykjanes, Vestfirðir og Norðurland vestra og í maí 2018 kom út samantekt og samanburður á þessum landsvæðum á grundvelli könnunar sem framkvæmd var í október og nóvember 2017.

Meginmarkmið könnunarinnar var að draga fram afstöðu íbúa einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu búsetuskilyrða heimilanna. Auk þess var grennslast fyrir um hvort fólk ihugaði brottflutning og ánægju þess með að búa á viðkomandi stöðum, svo eitthvað sé nefnt.

#### Greinargerð og stöðumat fyrir Strandabyggð

Vestfjarðastofa hefur unnið greinargerð og stöðumat fyrir Strandabyggð. Um var að ræða endurskoðun á stöðumati sem gert var 2015 og dró samanburðurinn enn betur fram breytingar á

undanförnum misserum. Í framhaldi af þessari greiningu sem einkum náði til fyrirtækja á Hólmavík var stöðu í landbúnaði bætt við. Greiningar má finna á vef Vestfjarðastofu.

### **Verslun á landsbyggðinni**

Starfsmenn í Vesturbyggð unnu samantekt fyrir Byggðastofnun í tengslum við verslun á landsbyggðinni.

### **#Vestfirðingar**

Í byrjun nóvember var haldinn fyrsti fundur vegna nýs samstarfsverkefnis Vestfjarðastofu, sveitarfélaga og atvinnulífs á sviði almannatengsla. Verkefnið ber yfirskriftina „Vestfirðingar“ og mun standa fram á mitt ár 2019 og mögulega út árið.

Meðal þess sem gert var í verkefninu #Vestfirðingar var að láta Gallup spyrja nokkurra spurninga um afstöðu landsmanna til fiskeldis í sjó á Vestfjörðum. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í lok ársins með fréttatilkynningu og hlutu nokkra athygli helstu miðla. Niðurstöður könnunarinnar má finna á vef Vestfjarðastofu [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is)

### **Menningarmál**

Á sviði menningarmála felast verkefnið að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði haustið 2018.

Í gegnum verkefnið Strauma voru fimm ungir listamenn sem tengjast Vestfjörðum með fjölbreyttum hætti studdir til listsköpunar á svæðinu sumarið 2018. Úr varð nokkurs konar listahátíð á Flateyri dagana 26.-29. júlí 2018. Listamenn sem hlutu stuðning vegna Strauma voru:

- Hera Fjord, leiksýningin Fjallkonan
- Ólöf Dómhildur, myndlistarsýning á bátsferð með aðkomu nýbúa
- Rannveig Jónsdóttir, myndlistar- og tónlistarsýningin Fjallahringurinn
- Heiðrún Viktorsdóttir, gjörningur/innsetning
- Maksymilian Frach, strengjakvintett tónleikar

Menningarfulltrúi tekur einnig þátt í samstarfi menningarfulltrúa á landsvísu.



## Markaðsstofa Vestfjarða

### Móttaka og kynnisferðir um svæðið

Móttaka blaðamanna, ferðaskrifstofufólks og áhrifavalda er jafnan nokkuð stór þáttur í starfsemi, sérstaklega vor og haust. Fulltrúi Markaðsstofu Vestfjarða fylgdi hópi ferðaskrifstofufólks um sunnanverða Vestfirði í svokölluðum „Pre-tour“ fyrir kaupstefnuna.

### Sýningar og vinnustofur

Markaðsstofa Vestfjarða tók þátt í tveimur ferðasýningum og einni vinnustofuferð árið 2018. 25.-27. janúar var Mid-Atlantic kaupstefnan og var Markaðsstofa Vestfjarða þar undir merkjum Visit Westfjords. Jafnframt var Visit Westfjords á VestNorden sem haldið var á Akureyri þann 1.-4. október, en sú sýning verður haldin í Færeyjum árið 2019.

Visit Westfjords tók þátt í einni vinnustofuferð árið 2018 og var það til USA enda eru Bandaríkin skilgreindur sem kjarnamarkaður fyrir vestfirska ferðaþjónustu. Á þeirri vinnustofuferð hitti fulltrúi MV yfir 200 söluaðila.

### Áfangastaðaáætlun og áfangastaðastofa

Verkefni tengd áfangastaðaáætlun taka þó mestan tíma starfsmanna markaðsstofu og þessa vikuna eru í gangi kynningarfundir fyrir almenning. Búið er að kynna áfangastaðaáætlun fyrir sveitarstjórnarmönnum og prentaður hefur verið úrdráttur til dreifingar auk þess sem bæði samantektin og skýrslan öll eru á vef Vestfjarðastofu.

Fyrri hluta árs var lokaáfangi Áfangastaðaætlunar Vestfjarða unnin. Verkefnastjórar hittu og funduðu með verkefnastjórum annara landshluta og Ferðamálastofu bæði í snerti- og fjarfundum. Voru það fimm fjarfundir og þrjú snertifundir. Í febrúar var jafnframt haldinn opinn fundur á Patreksfirði um forgangsröðun aðgerða, en þeim fundi hafði verið frestað vegna veðurs. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða var síðan skilað inn til Ferðamálastofu 2. maí og var formlega útgefin út í október.

Kynningarfundir um Áfangastaðaáætlun Vestfjarða voru haldnir í nóvember á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði. Góð mæting var á fundina en fundinum á Ísafirði var einnig streymt á netinu.

### Samstarf markaðsstofa og annað samstarf á landsvísi

Markaðsstofur landshlutanna eru í miklu samstarfi og hafa í gengum það samstarf náð miklum árangri en árið 2018 voru í fyrsta sinn gerðir samningar um markaðsstofurnar til lengri tíma en eins árs. Markaðsstofur landshlutanna funduðu 11 sinnum yfir árið 2018, þar af voru fimm símafundir.

**Mannamót:** Markaðsstofur landshlutanna heldur saman hinn árlega viðburð Mannamót þar sem ferðabjónum af landsbyggðinni er boðið að koma og kynna fyrirtæki og vörur sínar fyrir ferðabjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu. Mannamót var haldið 18. janúar 2018 og voru 10 vestfirsk fyrirtæki sem kynntu sig þar.

**Fagrað Íslandsstofu:** Markaðsstofa Vestfjarða er með fulltrúa í fagraði Íslandsstofu og voru á árinu 2018 haldnir fjórir fagraðsfundir.

**Stýrihópur um Áfangastaðaáætlanir:** Markaðsstofa Vestfjarða var með fulltrúa í stýrihóp um DMP (Áfangastaðaáætlanir) og voru haldnir fimm fundir í þeim hópi árið 2018.

### Verkefni styrkt af ferðamálastofu

Verkefni sem samið var um við Ferðamálastofu eru í fullum gangi. Átta fyrirtæki þiggja nú aðstoð ráðgjafa við að móta sína stafrænu stefnu, verkefnið Hringvegur 2 er á góðu skriði og fjallað um það neðar í greinargerðinni og önnur verkefni eru í farvegi.

### Samstarf við fyrirtæki á svæðinu

Í júní 2018 fóru fulltrúar Markaðsstofu Vestfjarða í heimsókniferð um sunnanverða Vestfirði og Strandir og Reykhóla. Heimsóknirnar voru mjög fróðlegar og hittum við yfir 20 vestfirsk ferðabjónustufyrirtæki í þeirri ferð. Í ágúst fóru fulltrúar MV síðan í heimsókniferð á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri.

**Morgunverðarfundir:** Markaðsstofa Vestfjarða ásamt Ferðamálasamtökum Vestfjarða kom aftur á fót morgunverðarfundum ferðabjónustuaðila á norðanverðum Vestfjörðum. Einnig var byrjað með slíka fundi á sunnanverðum Vestfjörðum sem og Ströndum.

### Visit Westfjords, heimasíða og samfélagsmiðlar

Markaðsstofa Vestfjarða heldur úti virkum vef og samfélagsmiðlum en mikil áhersla hefur verið lögð á stafræna markaðssetningu undir merkinu Visit Westfjords. Á Instagram eru Vestfirðir með meira en 50 þúsund fylgjendur sem er meira en nokkur annar landshluta sem og Reykjavíkurborg. Á facebook erum við með hátt í 30 þúsund fylgjendur og er þar unnið bæði með síðu á íslensku og ensku.

Þessi mikli fylgjendahópur auðveldar Markaðsstofu Vestfjarða að miðla upplýsingum um vöru og þjónustu til áhugasamra aðila.

### Hringvegur 2

Stærsta verkefni Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða er án efa Hringvegur 2. Nokkur vinna fór á árinu í undirbúning þess verkefnis sem meðal annars fólst í upplýsingaöflun um þróun ferðamannaleiða. Einn þáttur í þeirri vinnu var þátttaka í vinnufundi á Akureyri í september til að kynna verklagi við þróun Arctic Coast Way á Norðurlandi.

### Sóttir fundir og ráðstefnur

Starfsfólk hefur sótt nokkrar ráðstefnur, námskeið og fundi:

- Aðalsteinn og Sirrý sátu ráðstefnuna Strandbúnað í mars
- Lína tók þátt í Arctic Circle í október og vinnustofu þar um fiskeldi í lokuðum kvíum.
- Lína og Skúli fóru á Byggðaráðstefnu í Stykkishólmi
- María og Lína fóru til Amsterdam á vinnustofu og námskeið á vegum EarthCheck
- Skúli fór á námskeið vegna brothættra byggða á Borgarfirði eystra
- Skúli og Agnes fóru á námskeið einnig vegna brothættra byggða í Hrísey
- Magnea sat tveggja daga sviðsmyndaverkstæði vegna framtíðar landbúnaðar á Íslandi í ágúst.



- Sirrý, Díana og Þórkatla fóru á Haustfund atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka í byrjun nóvember á norðurlandi vestra.
- Skúli sótti ráðstefnu um stofnun Lýðháskóla í norræna húsinu
- María fór á ráðstefnu í Lundi um rannsóknir og þróun í dreifbýli á Norðurlöndum

